

Stjórnarfundur no 5, 2013/2014

Ár 2013 fimmtudaginn 12. nóvember kom stjórn og varastjórn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 19.00. Undirritaðir sátu fundinn.

Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. Sameiginlegt framlag til Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og RKÍ.

Samþykkt að veita kr. 400.000.- í styrk v/jólaaðstoðar.

2. Endurnýjun tækja. Samþykkt að endurnýja tölvubúnað og skrifstofutæki eftir þörfum.

3. Bréf frá Neytendasamtökunum.

Þar kemur fram að skrifstofa sem samtökin hafa haft á leigu á 3ju hæð verði lokað og leigunni sagt upp.

Eining Iðja mun taka skrifstofuna á leigu ásamt skrifstofu VM í tvo mánuði í vetur vegna framkvæmda á annarri hæð.

4. Greiðsla FVSA á kröfu til tveggja félagsmanna.

Samþykkt að greiða tveimur félagsmönnum launa- og orlofskröfu sem gerð var í dánarbú, sem ekki var gert gjaldþrota, en var eignalaust. Annar félagsmaðurinn fær kr. 120.373.- og hinn kr. 179.006.-

5. Framkvæmdir á húsi no. 19 Illugastöðum

Kostnaðaráætlun frá Ljósgrafanum vegna breytinga á raflögn hússins.

Formanni, varaformanni og gjaldkera falið að ganga í málið skv. umræðu á fundinum.

Afgreiðslu að öðru leyti frestað.

6. Ný heimasíða. Kynning á stöðu nýrrar heimasíðu sem er í vinnslu.

7. Staðan í kjarasamningaviðræðum. Farið var yfir stöðu viðræðnanna, Úlfhildur kynnti.

8. Aðalfundur 2014. Samþykkt að halda aðalfund félagsins 24. febrúar 2014

9. Uppstillinganefnd vegna stjórnarkjörs 2014

Samþ. Eiður Stefánsson, Kristín Þorgilsdóttir og Júlía Sigurjónsdóttir

10. Samþykkt að halda starfsdag félagsins fimmtudaginn 23. janúar 2014

11. Farið yfir reikninga félagsins fyrstu 10 mánuði ársins miðað við árið áður.

Nokkrar umræður urðu um breytingar á styrkjum úr sjúkrasjóði. Ákvörðun frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Árni Þorvaldsson
Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.